



Mynd: Isavia

ÁRSSKÝRSLA 2016

Jákvæðni Fagmennska Traust Virðing



Árið 2016 var ár mikils uppgangs í íslenskri ferðapjónustu. Fjöldun farartækja jafnt í lofti, á láði og á legi var gífurleg. Fjöldi nýrra rekstraraðila með leyfis skylda starfsemi kom til leiks. Þessu fylgdi óhjákvæmilega mikil vinna hjá starfsfólki Samgöngustofu og er skemmtilegt að takast á við þær áskoranir sem fylgja þessum öra vexti en samgöngur og leyfis skyldir aðilar þar eru jú undirstaða ferðapjónustunnar. Mikill endurnýjun á sér nú stað í fiskiskipaflotanum með vel á annan tug stórra togara og uppsjávarskipa í smíðum erlendis. Nýskráningar inn á ökutækjaskrá, skipaskrá og loftfaraskrá eru með mikilvægustu verkefnum Samgöngustofu. Tæknilegir sérfræðingar fara yfir framleiðsluteikningar og erlend skráningargögn því allar eru þessar skrár með einhverjum hætti samtengdar evrópskum skráum. Alþjóðlegar viðurkenningar eru forsenda þess að farartækin megi ferðast á milli landa og þau séu nýtt í atvinnuskyni.

Á árinu fóru fram nokkrar úttektir erlendra eftirlitsstofnana á einstökum afmörkuðum starfsþáttum Samgöngustofu. Að standast slíkar úttektir er forsenda þess að Samgöngustofa hafi heimildir til útgáfu skírteina og leyfa sem eru viðurkennd alþjóðlega. Þessir úttektaraðilar hafa

ÁVARP FORSTJÓRA

almennt gefið Samgöngustofu góða einkunn og stundum staðfest að verkferlar og vinnubrögð stofnunarinnar séu með því besta sem aðilarnir hafa séð í slíkum úttektum. Allar úttektir benda á einhverjar úrbætur og þróun verkferla þannig að stofnunin bæti sig og sé stöðugt að aðlaga sitt starf nýjum kröfum og vinnubrögðum.

Mikið samstarf er við atvinnulífið sem vill alþjóðlegar reglur og gagnkvæm alþjóðleg réttindi fyrir starfsemi sína, farartækin og stjórnendur þeirra. Íslendingar aðlagast á þennan hátt gagnkvæmum réttindum og skyldum, þ.m.t. starfsemi erlendra aðila hér á landi. Slíkar alþjóðareglur eru ekki síst settar til að vernda neytendur og tryggja öryggi þeirra.

Árið 2016 var ár enn meiri samþættingar í störfum Samgöngustofu. Allt frá sameiningu stofnana í samgöngum árið 2013 hefur markvisst verið unnið að því að hagræða og bæta þjónustu við leyfishafa og viðskiptavini. Unnið hefur verið að bættum starfsanda og gerðar vinnustaðgreiningar sem hafa leitt til úrbótaferla. Starfsmannafundir eru haldnar á hverjum föstudagsmorgni og vikulegir póstar forstjóra fylgja til upplýsingar. Öll gögn og upplýsingar eru vistuð í skjalakerfi og eru meira eða minna aðgengileg starfsfólki. Mikill trúnaður og þagnarskylda gildir að sjálfsögðu um mál einstakra fyrirtækja og einstaklinga.

Ör þróun hefur orðið í stefnu og framkvæmd samgöngueftirlits á alþjóðavísu á undanförunum árum. Atvikaskráning hefur stórbatnað og má nú heita að eftirlit í flestum greinum byggist á reynslutölum um slys og atvik og síðan áhættumati. Stöðugt er meiri áhersla lögð á að öryggisáætlanir ríkja móti stefnu til lengri tíma. Rekstraraðilum er síðan gert að koma upp öryggisstjórnunar- og gæðakerfum sem eftirlitsaðilar yfirfara. Þannig er ábyrgðin vitanlega þar sem hún á heima, hjá eiganda eða stjórnanda farartækisins. Horfin er sú hugsun að það borgi sig „að fela áhættuna“ fyrir eftirlitsaðilum. Miklu frekar er hvatt til samtals milli leyfishafa og eftirlitsaðila um áhættumat og þær aðgerðir sem eru til þess gerðar að draga úr áhættu og efla öryggi.

Samgöngustofa hefur nú skilgreint sig sem öryggisstofnun samgangna og kynnt niðurstöðu stefnumótunar fyrir starfsfólki. Stefnumótunin var unnin af starfshópum, að undangenginni vinnu á starfsdegi.

Í lok árs 2016 var samþykkt nýtt skipurit, sem gildir frá 1. jan. 2017. Þar var ákveðið að þjónustusvið (áður þjónustudeild innan rekstrarsviðs) fengi rödd í framkvæmdastjórn. Jafnframt var gengið frá ráðningu framkvæmdastjóra farsviðs, en forstjóri hafði gegnt þeirri stöðu með forstjórastarfinu frá mars 2015.

Að lokum vil ég þakka samstarfsfólki mínu og hagaðilum fyrir ánægjulegt og gefandi samstarf á árinu.

Þórólfur Árnason, forstjóri Samgöngustofu


ÖRYGGI Í SAMGÖNGUM



Samgöngustofa er öryggisstofnun samgangna á Íslandi og fer með stjórnábyrgð flugmála, hafna, siglinga og sjóvarna, umferðar- og vegamála.

Gildi starfsfólks Samgöngustofu eru jákvæðni, fagmennska, traust og virðing.

Samgöngustofa annast eftirlit, úttektir á öryggismálum, vottanir og leyfisveitingar íslenskra fyrirtækja sem starfa á sviði samgangna á landi, í lofti og á sjó. Stofnunin sér um undirbúning og innleiðingu laga og reglna á starfsviði hennar, fer með gerð öryggisáætlana í öllum samgöngugreinum og sinnir fræðslu sem unnin er út frá greiningu á atvikum og slysum.



SKIPULAGIÐ

Samgöngustofa er stjórnarsýslustofnun samgöngumála í samræmi við lög nr. 119/2012. Samgöngustofa heyrir undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Ráðherra skipar forstjóra sem ber ábyrgð á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti og annast daglega stjórn hennar. Forstjóri Samgöngustofu er Þórólfur Árnason.

Í skipuriti Samgöngustofu árið 2016 voru fjögur svið og auk þess þrjár einingar sem einnig heyra beint undir forstjóra. Framkvæmdastjórnina skipar forstjóri og framkvæmdastjórar sviða auk mannauðsstjóra, gæðastjóra og samskiptastjóra.



Farsvið annast leyfisveitingar, skírteini einstaklinga í flugi og siglingum, ökunám, tæknimál, skráningu farartækja og öryggis-efirlit með leyfishöfum.

Mannvirkja- og leiðsögusvið ber ábyrgð á verndarmálum í siglingum og flugi, flugleiðsögu og leiðsögu á sjó, skipulagi loft-rýmisisins, málefnum flugvalla á Íslandi og eftirliti með höfnum.

Rekstrarsvið annast fjármálastjórn og bókhald, skjalastjórn, umsjón með upplýsingatækni og skráum auk reksturs NorType, samnorræns gagnagrunns um tækniupplýsingar okutækja.

Samhæfingarsvið sér um stjórnarsýslu samgöngumála, samræmingu alþjóðlegra samskipta, samgönguáætlun, samgönguvirt og neytendamál og öryggis- og fræðslumál.

Mannauðsstjóri ber ábyrgð á öllu því sem viðkemur mannauðsmálum stofnunarinnar, launamálum og ferðabókunum fyrir starfsfólk.

Gæðastjóri ber ábyrgð á því að gæðakerfi stofnunarinnar sé í samræmi við þarfir hennar og meginmarkmið.

Samskiptastjóri ber ábyrgð á samskiptum við fjölmiðla og samræmi í framkvæmd innri og ytri upplýsingamála.



MANNAUÐURINN

Í árslok 2016 var fjöldi fastráðins starfsfólks Samgöngustofu svipaður og fyrri ár eða 143 talsins, 83 karlar og 60 konur. Mannauðsstefnan byggir á gildunum jákvæðni, fagmennska, traust og virðing. Markmið hennar er að stjórndur og starfsfólk stuðli að því að stefnu og hlutverki Samgöngustofu sé náð um að veita sem besta þjónustu en um leið sinna öfluglu eftirliti eins og lög og reglur kveða á um.

Kröfur um þjálfun og menntun sérfræðinga og eftirlitsmanna eru gjarnan skilgreindar í reglugerðum og þeim fylgt eftir í úttektum erlendra aðila. Á árinu 2016 voru sótt námskeið t.d. á sviði verndarmálefna, lofthæfis, skráningarútgáfu í flug- og siglingamálum, flug- og siglingaleiðsögu, svo dæmi séu tekin. Að auki voru sóttir vinnufundir og ráðstefnur sem veita starfsfólki mikilvæg tækifæri til þekkingaröflunar og endurmenntunar.



Frá árlegum þemadegi 2016.



Mötuneytið er hjartað í Samgöngustofu og gestakokkar fá þar stundum að spreyta sig.


Samgöngustofa er fjölskylduvænn vinnustaður þar sem lögð er áhersla á gott jafnvægi starfs og einkalífs. Öllu starfsfólki standa til boða heilsustyrkir og samningar um samgöngustyrki.

Mikið er lagt upp úr góðu upplýsingaflæði, m.a. með vikulegum starfsmannafundum, innri og ytri vef og greiðum aðgangi að fundargerðum. Árlega er haldinn sérstakur starfsdagur með þátttöku alls starfsfólks. Árið 2016 var viðfangsefnið framtíðarsýn Samgöngustofu og var í framhaldinu áfram unnið að markmiðum henni tengdum.



STARFSEMIN

Samgöngustofa rættar tengsl við hagaðila og á við þá stöðug og virk samskipti. Markmiðið er að vinna að mótun sameiginlegs skilnings á samgönguöryggi, mikilvægi eftirlits og gagnkvæmum viðurkenningum alþjóðlegra réttinda. Sífellt er unnið að umbótum á starfsaðferðum og þjónustu.



Undirritun Chicago-samningsins árið 1944 um stofnun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO)

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Þátttaka Samgöngustofu í alþjóðlegu samstarfi er einn grundvöllur fyrir ýmis konar starfsemi á verkswiði hennar svo Ísland standi jafnfætis viðmiðum annarra Evrópuþjóða. Það er jafnframt nauðsynleg forsenda til að skapa umhverfi fyrir íslensk fyrirtæki sem gerir þeim kleift að starfa í samkeppni við erlend fyrirtæki og á erlendum vettvangi.

Í umferðarmálum tekur Samgöngustofa m.a. þátt í samstarfsverkefnum á borð við EUCARIS og EReg. Einnig var veittur styrkur til Euro RAP verkefnis Félags íslenskra bifreiðaeigenda árið 2016, eins og gert hefur verið undanfarin ár.

Ítarlegar alþjóðlegar kröfur eru um stjórnsýslu flugmála. Í flugtengdri starfsemi er Samgöngustofa, fyrir hönd Íslands, aðili að Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) og samtökum flugmálastjórna (ECAC) í Evrópu og tekur þátt í starfsemi þeim tengdum. Ísland á hlutdeild í rekstri norrænnar skrifstofu (Nordicao) hjá ICAO í Montréal, Kanada.

Ríkin sem standa að skrifstofunni eru ásamt Íslandi, Danmörk, Eistland, Finnland, Lettland, Noregur og Svíþjóð.

Í siglingamálum er Samgöngustofa aðili að Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) og uppfyllir skyldur Íslands vegna aðildar að Parísarsamkomulaginu (Paris Mou) um hafnarríkiseftirlit með erlendum skipum.

Samgöngustofa tekur þátt í reglubundnum stjórnarfundum Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA), Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA) og hefur áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum Eurocontrol. Starfsemi stofnunarinnar er háð eftirliti hinna tveggja fyrrnefndu.



UMFERÐ ÁRSINS


Samgöngustofa annast stjórnáslu og stefnumótun umferðar á vegum sem byggir að miklu leyti á evrópskum reglugerðum þó einnig séu í gildi séríslenskar reglur.

Meðal verkefna er skráning ökutækja og umsýsla í tengslum við ökutæki, gerð þeirra og búnað. Stofnunin hefur eftirlit með starfsemi skoðunarstofa. Þrjú fyrirtæki hafa viðurkenningu til skoðana og reka þau samtals 45 starfsstöðvar um allt land sem Samgöngustofa hefur eftirlit með. Samgöngustofa annast ökuþróf, veitir leyfi til starfrækslu ökuskóla og ökugerða og hefur umsjón með ökunámi og eftirlit með ökukennslu.


Á árinu skiluðu 190 ökukennarar nemendum til ökuþrófs og fór kennslan fram á vegum 24 ökuskóla og tveggja ökugerða. Alls luku 5.099 prófi til almennra ökuréttinda.

Samgöngustofa annast útgáfu leyfa til leigubílstjóra, forfallafólks leigubílstjóra, hóp- og farmflutninga og leyfa til reksturs ökutækjaleigu.


Fjöldi gilda leyfa til fólksflutninga




Fjöldi ökutækja í ökutækjaleigu 1. júlí ár hvert




Nýskráningar fólksbifreiða




Fjöldi bifreiða á skrá í lok hvers árs




Nýskráningar annarra bifreiða



Nýskráningar ferðavagna



Hlutfall fólksbifreiða sem nota aðra orkugjafa en bensín eða dísil



- Jarðefnaeldsneyti og metan
- Tvinnbílar (hybrid)
- Rafmagn
- Metan
- Tengivinnbílar (plugin hybrid)



FLUG ÁRSINS


Samgöngustofa sinnir stjórnýslu, heimildarveitingum og eftirliti á sviði flugleiðsögu, flugvalla og flugverndar. Stofnunin hefur hlutverk sem varðar framkvæmd flugleiðsögu á Norður-Atlantshafi og fer með skipulag loftrýmisins en Ísland sinnir mun stærra loftrými en sem nemur lofthelgi landsins.

Samgöngustofa gefur út starfsleyfi og sinnir öryggiseftirliti með starfsemi hjá veitendum flugleiðsöguþjónustu, sem á Íslandi eru Isavia og Veðurstofan. Um 300 störf tengjast flugleiðsöguþjónustu á Íslandi. Í byrjun árs 2016 fór endurvottun Isavia fram og einnig fékk Isavia í lok ársins vottun fyrir þjálfun flugumferðarstjóra í samræmi við nýjar reglur EASA sem tóku gildi á árinu.

Eftirlit með flugvöllum felst í að tryggja að íslenskir flugvellir uppfylli gildandi kröfur. Á árinu var unnið að innleiðingu evrópskrar reglugerðar EASA um flugvelli og jafnframt að endurskoðun á reglugerð um innanlandsflugvelli á Íslandi.

Á árinu 2016 voru framkvæmdar samtals 81 úttektir, skoðanir, kannanir og prófanir í þágu flugverndar á Íslandi


Markmið flugverndar í almenningsflugi er að tryggja öryggi fólks með því að nauðsynlegar ráðstafanir séu innleiddar og viðhafðar á flugvöllum og hjá flugrekendum sem sinna millilandaflugi á farþegum, farmi, pósti, birgðum og fleira.



Mynd: Isavia

Samgöngustofa annast skráningu loftfara og heldur loftfaraskrá, gefur út starfsleyfi og hefur eftirlit með fyrirtækjum í flugtengdum rekstri og einstaklingum sem þurfa á starfsleyfum eða sérstökum heimildum að halda til að stunda rekstur og veita þjónustu.


Fjöldi loftfara



Samgöngustofa hefur umsjón með framkvæmd flugprófa fyrir einkaflugmenn, atvinnuflugmenn og prófa fyrir flugumsjónarmenn og gefur út einstaklingsskírteini fyrir flugmenn, flugumferðarstjóra og flugvirkja.




Fjöldi bóklegra atvinnuflugmannsprófa




Skyldubundið eftirlit (SAFA) er haft með erlendum loftförum sem hafa viðkomu á íslenskum flugvöllum en niðurstöður þess eru skráðar í samevrópskan gagnagrunn.

Fjöldi SAFA-skoðana



Fjöldi áritana í skírteini flugmanna






SIGLINGAR ÁRSINS

Á sviði siglinga annast Samgöngustofa skráningar, leyfisveitingar og eftirlit með skipaflota landsins, gefur út skírteini fyrir einstaklinga og veitir heimildir til starfsemi tengdri siglingum. Stofnunin annast stjórnsluverkefni á grundvelli hafnalaga, laga um sjóvarnir, laga um vitamál og laga um vaktstöð siglinga.

Samgöngustofa hefur umsjón með lögskráningu sjómanna og heldur aðalskipaskrá sem geymir ýmsar upplýsingar um íslensk skip.

Á árinu 2016 var unnið að undirbúningi að smíði eins skráningarkerfis fyrir skipaskrá og skírteinakerfi. Meðal markmiða er auðveldara aðgengi að upplýsingum. Við hönnun kerfisins er tekið mið af lögum og reglum sem gilda um skipa- og lögskráningar auk þess sem það verður hannað í samræmi við ákvæði alþjóðasamninga um markmið gæðastjórnunar svo nauðsynlegur rekjanleiki gagna og færslna verði tryggður.

Fjöldi útgefna skírteina skemmtibáta




Ýmis lög og reglugerðir tóku breytingum á árinu 2016 í samræmi við hið alþjóðlega umhverfi, en íslensk ákvæði eru markaðar af erlendum kröfum og samstarfi. Meðal annars var innleidd reglugerð framkvæmdastjórnar ESB um að koma á fót nefnd um öryggi í höfnum og varnir gegn mengun frá skipum.

Siglingalögum nr. 34/1985 var breytt til að innleiða ákvæði reglugerðar ESB sem hefur það að markmiði að tryggja farþegum á sjó og skipgengum vatnaleiðum sambærilega vernd og þekkt í flugi og á landi.


Reglugerð um sannprófun á þyngd hlaðinna gáma um borð í skipum tók gildi seint á árinu 2016 og er í henni mælt fyrir um aðferðir sem fylgja skal við að staðfesta þunga gáma sem lestaðir eru í íslenskum höfnum.

Fjöldi útgefna atvinnuskírteina




Sá þáttur starfseminnar sem snýr að útgáfu starfsleyfa fyrir fyrirtæki í siglingatengdri ferðaþjónustu og öryggiseftirlit með þeim hefur farið vaxandi með aukinni eftirspurn ferðamanna eftir afþreyingu. Samgöngustofa veitti á árinu 2016 samtals 17 starfsleyfi vegna fyrirtækja í ferðaþjónustu á sjó, ám og vötnum.

Fjöldi útgefna skírteina atvinnukafara



Markmið siglingaverndar er að tryggja vernd sjóflutninga, skipa, hafna, farms, útgerða og fyrirtækja gegn hryðjuverkum eða ógn sem stafar af vísvitandi ólögmætum aðgerðum. Samgöngustofa veitir heimildir, samþykki og leyfi vegna siglingaverndar og annast eftirlit í formi úttekta vegna hennar. 33 hafnir og 55 hafnaraðstöður á Íslandi hafa alþjóðlega verndarvottun og á árinu 2016 voru gerðar úttektir á 10 höfnum vegna siglingaverndar á Íslandi. Stofnunin sætir jafnframt eftirliti erlendra aðila og gerði Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) úttekt á árinu á framkvæmd siglingaverndar.

Fjöldi útgefna haffæriskírteina





ÖRYGGISÁÆTLANIR


Unnið er að samræmdu verklagi allra öryggisáætlana í samgöngumálum, þ.e. fyrir umferð, flug og siglingar en ein áætlun þó rekin fyrir hverja tegund samgangna. Samgöngustofa leitast við að skapa sem mest öryggi í samgöngum fyrir alla hópa notenda í lofti, á láði og legi, m.a. með því að ná fram hugarfarsbreytingu og að auka virðingu fyrir lögum og reglum. Stofnunin stýrir fræðslu og miðlun upplýsinga um öryggismál samgangna og stuðlar að þátttöku og samstarfi allra aðila sem vilja vinna að framgangi þeirra.

Stofnunin tekur þátt í markmiðssetningu og framkvæmd umferðaröryggisáætlunar, sér um skráningu og greiningu umferðarslysa og nýtir þau gögn til rannsókna og fræðslu í þágu aukins umferðaröryggis innan skólakerfis, meðal íslensks almennings og erlendra ferðamanna.

Samgöngustofa útfærir og framkvæmir flugöryggisáætlun sem felst m.a. í að innleiða og fylgja eftir alþjóðlegum reglum, skrá flugatvik í samevrópskan gagnagrunn, greina


flugatvik og miðla fræðslu. Flugrekendum, starfsleyfis- höfum flugleiðsögu og skírteinishöfum ber að tilkynna til Samgöngustofu öll flugatvik sem verða. Tilgangurinn er að stuðla að því að sambærileg atvik endurtaki sig ekki.

Samgöngustofa sér um framkvæmd öryggisáætlunar sjófarenda en markmið hennar er m.a. að treysta og auka öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra sem og farþega, fækka slysum á sjó og draga úr tjóni vegna þeirra.



Fjöldi látinna og alvarlega slasaðra í umferðinni á Íslandi, samanborið við sett markmið.

Yfirmarkmið umferðaröryggisáætlunar til ársins 2026 eru að fjöldi látinna í umferð á hverja 100 þúsund íbúa verði ekki meiri en það sem lægst gerist hjá öðrum þjóðum árið 2022 og að fjöldi látinna og alvarlega slasaðra lækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2026. Síðara markmiðinu til stuðnings hafa verið sett undirmarkmið sem gera kleift að fylgjast nánar með þróuninni, sjá hvað gengur vel og hvar úrbóta er þörf. Á árinu 2016 var stefnt að því að alvarlega slasaðir og látnir yrðu ekki fleiri en 148 talsins, en niðurstaða ársins hljóðaði upp á 233 manneskjur.



Árið 2016 urðu 3 flugslys og 12 alvarleg flugatvik. Tilkynnt flugatvik voru 1.503 sem er 25% aukning frá árinu á undan. Hafin var vinna við að koma á áhættumiðuðu eftirliti til viðbótar við hefðbundið eftirlit. Felst það í greiningu á því hvar þörfin er mest og beina kröfunum þangað.

Meginmarkmið áætlunar um öryggi sjófarenda er að fækka slysum á sjó. Engin dauðaslys urðu árin 2008, 2011 og 2014 og stefnt er áfram að því að öryggi íslenskra skipa verði eins og það gerist best hjá öðrum þjóðum. Helstu verkefni áætlunarinnar eru menntun og þjálfun sjómanna, gerð fræðsluefnis og leiðbeininga, söfnun og miðlun upplýsinga, þátttaka í gerð gæða- og öryggiskrafna um borð í skipum og rannsókn- og þróunarverkefni.



FORVARNIR OG FRÆÐSLA

Mikið fræðslufni til að efla forvarnir og öryggi í samgöngum var útbúið á árinu 2016, oft í samstarfi við aðra aðila. Meðal verkefna sem ráðist var í má nefna framleiðslu á nýjum stýrisspjöldum til upplýsingar fyrir erlent ferðafólk, bækling um öryggi barna í bílum og herferð gegn notkun samfélagsmiðla við akstur með þátttöku fjögurra þjóðþekkra einstaklinga. Sjómenn voru hvattir til að gæta að hleðslu báta sinna með nýjum auglýsingum sem birtust allt árið og gefnar voru út ábendingar og tilmæli um það hvernig fljúga skal dróna með öryggi fólks í huga, tillitssemi við aðra og reglur sem slíkt flug lýtur.



Undir lok árs 2015 var ljóst á slysatölfræði að kínverskir ferðamenn voru að lenda í mjög mörgum umferðarslysum hérlendis. Brugðist var við með samstarfi við kínverska sendiráðið á Íslandi og íslenska sendiráðið í Kína. Íslenska sendiráðið í Kína aðstoðaði okkur við þýðingu á umferðaröryggisbæklingi ætluðum ferðamönnum yfir á kínversku og dreifir nú þeim bæklingi til allra sem sækja um vegabréfsáritun til þess að komast til Íslands. Einnig var umferðaröryggismyndband textað á kínversku og er það nú sýnt í Kína á þeim stöðum þar sem Kínverjar sækja um vegabréfsáritun.



STIKLUR



Samgöngustofa var einn samstarfsaðila ráðstefnunnar Bílar, fólk og framtíðin. Viðfangsefnið sneri að sjálfkeyrandi bílum, persónuvernd og hlutverki ökumanns framtíðarinnar. Leitast var við að skoða bílgreinina á heildstæðan hátt umhverfi hennar, umferðaröryggi, lagasetningu, innviði og annað sem snertir málaflokkinn.



Niðurstöður könnunar um umferðarhegðun var kynnt í febrúar. Þar kom fram að nánast allir ökumenn gera sér grein fyrir hættunni sem fylgir því að nota farsíma undir stýri til að lesa smáskilaboð eða nota samfélagsmiðla. Þrátt fyrir þetta gangast afar margir við því að hafa notað símann við akstur einmitt með þessum hætti.



Árlegur minningardagur þeirra sem látist hafa í umferðarslysum var haldinn í nóvember. Jafnframt var þeim starfsstéttum þakkað sem veita hjálp og þjónustu þegar slys verður. Meðal annarra flutti forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, ávarp þar sem hann fjallaði um ábyrgð okkar allra í umferðinni.



Í október heimsótti Samgöngustofu einn reyndasti skoðunarmaður Flugmálastjórnar Hollands gegnum EASA EU Ramp Inspector Exchange Program. Tilgangur hans með heimsókninni var að starfa með Samgöngustofu við SAFA-eftirlit og dýpka með því þekkingu hans á þeim skoðunum. Ísland er jafnarríki EASA, sem gerir það að verkum að ýmis konar flugvélar, ferju- og einkaþotur koma oft við, en sjást ekki oft í Mið-Evrópu.



Verkefniinu „Göngum í skólann“ var hleypt af stokkunum í september, tíunda árið í röð. Um samstarfsverkefni Samgöngustofu, ÍSÍ, Ríkislögreglustjóra, Landlæknis, menntamálaráðuneytis, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Heimilis og skóla er að ræða og miðar það að því að hvetja grunnskólánemendur til að ganga, hjóla eða velja sér annan virkan ferðamáta á leið sinni til og frá skóla.



Í nóvember hélt Office of Global Strategies frá TSA (Transport Security Administration) námskeið í húsakynnum Samgöngustofu um gerð áhættumats vegna hryðjuverkaógnar í flugsamgöngum. Fólst það bæði í bóklegu námi og vettvangsferðum þar sem farið var yfir hvernig veikleikar eru greindir sem og þeim aðferðum sem gagnast til að draga úr úr hættu.



Í marsmánuði var haldin mengunarvarnaæfing Landhelgisgæslu, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar, eins og kveðið er á um í Aðgerðaráætlun um viðbrögð við bráðamengun utan hafna og notkun skipaafdrepa. Farið var út með varðskipinu Þór og flotgirðing dregin utan um ímyndaðan mengunarflekk og tækjabúnaður til að ná upp olíu prófaður. Ýmislegt áhugavert kom í ljós, sem verður skoðað betur síðar en slíkar æfingar skal, samkvæmt áætluninni, halda árlega.



Í niðurstöðum könnunar um öryggi barna í bílum, sem kynnt var í janúar, kom fram að umtalsverður árangur hefur náðst á þessu sviði. Aukin notkun öryggisbúnaðar hefur orðið til þess að færri börn látast í umferðinni nú en fyrir 30 árum. Meðaltalið hefur þar lækkað úr 5,5 í 0,8. Árið 1985 voru 80% barna laus í bílum en árið 2015 voru þau 2%. Þrátt fyrir jákvæða þróun má gera enn betur og er árangur sveitarfélaga mismikill.

Rekstrarreikningur 2016

Tekjur

Sértekjur	543.212.667
Markaðar tekjur	677.432.533
Aðrar rekstrartekjur	433.957.104

Tekjur alls **1.654.602.304**

Gjöld

Gjöld	2.039.657.298
-------	---------------

Gjöld alls **2.039.657.298**

Tekjuhalli án fjármagnsliða	(385.054.994)
-----------------------------	---------------

Hreinar fjármunatekjur	810.317
------------------------	---------

Tekjuhalli fyrir ríkisframlag	(384.244.677)
-------------------------------	---------------

Framlag ríkissjóðs	622.100.000
--------------------	-------------

Tekjuafgangur ársins **237.855.323**

Allar tölur eru í íslenskum krónum.

Efnahagsreikningur

31. desember 2016

Eignir

Veltufjármunir	1.698.114.570
Eignir alls	1.698.114.570

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Höfuðstóll

Höfuðstóll 1.1.2016	(158.571.709)
Lokafjárlög 2015	135.000.000
Millifært á bundið eigið fé	(145.352.180)
Tekjuafkoma ársins	237.855.323
Höfuðstóll	68.931.434

Annað eigið fé

Bundið fé 1.1.2016	1.524.525.839
Lokafjárlög 2015	(135.000.000)
Millifært á bundið eigið fé	145.352.180

Annað eigið fé alls **1.534.878.019**

Eigið fé alls 1.603.809.453

Skuldir

Viðskiptaskuldir	94.305.117
Skuldir	94.305.117

Eigið fé og skuldir **1.698.114.570**

Allar tölur eru í íslenskum krónum.

